

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Hörðuvellir – Tröllakór. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Kópavogs, í umboði bæjarstjórnar, 17. júlí 2025, breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla – Tröllakórs. Í breytingunni felst aðlögun skipulagsmarka deiliskipulagsins til suðurs og suðvestur að mörkum aðliggjandi deiliskipulagssvæðis Kjóavalla. Skipulagssvæðið fer úr um 7 ha að flatarmáli í um 6 ha að flatarmáli. Göngustígur suðaustan megin við Tröllakór verður innan skipulagsmarka Hörðuvalla – Tröllakórs. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogur – Garðabær, Kjóavellir.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð Kópavogs, í umboði bæjarstjórnar, 17. júlí 2025, breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla. Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 21. ágúst 2025 var tillagan samþykkt. Svæðið sem breytingin nær til er innan sveitarfélagsmarka Kópavogs. Í breytingunni felst að komið verði fyrir skólagörðum og garðlöndum fyrir efri byggðir Kópavogs á opna svæðinu OP-5.10. Reiðleið sem liggur um opna svæðið norðan Markavegar færir nær fyrirhuguðum bílastæðum og meðfram henni að hluta til kemur mön sem skermir reiðleiðina frá opna svæðinu. Reiðleiðin sem liggur frá undirgöngum undir Vatnsendaveg og að Tröllakór verður að göngustíg sem heldur áfram um opna svæðið eins og núverandi göngustígar eru um svæðið. Stígur sem nær frá bílastæðum að suðurhluta íþróttahússins Kórsins verður aðgangsstýrður og hægt að aka á til að tryggja gott aðgengi stærri bíla að hleðsludryum mannvirkisins þegar stórir viðburðir eru haldnir. Undirgöng undir Markaveg verða tekin út og upphækkuð gatnaþrenging sett inn í staðinn til að hægja á akandi umferð um Markaveg. Ný reiðleið kemur sunnan megin meðfram Markavegi og göngustígur fellur út og hann aðeins hafður norðan megin meðfram Markavegi. Þverun með upphækkaðri gatnaþrengingu verður sett inn austar á svæði breytinga sem tengir Heimsendasvæðið við svæðið sunnan Markavegar. Lóð fyrir fjarskiptamastur minnkar, fer úr 493 m² í 240 m². Einnig er fallið frá lóð númer 2 við Heimsenda og 23 bílastæðum við enda lóðar nr. 1 við Heimsenda. Fyrirkomulag annarra bílastæða, gámasvæðis, reiðleiða, tamninga- og hringgerðis innan svæðis breytinga breytist lítillega. Heildarfjöldi bílastæða á svæðinu helst óbreyttur. Samhliða þessari breytingu breytast skipulagsmörk deiliskipulags Hörðuvalla – Tröllakórs til samræmis og aðlagast að gildandi deiliskipulagi Kjóavalla.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 26. ágúst 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 9. september 2025